

1867

Föstudaginn 22. nóvember 1991.

Nr. 175/1990. **Guðmundur Þórðarson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**rikissjóði Íslands og
rannsóknarlögreglu ríkisins**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Skaðabótamál. Hald. Vixlar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér skuld, að fjárhæð 150.000 krónur, með dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði, sem nemi 3,75% frá 21. janúar 1986 til 1. mars s.á., 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987 og 2,5% frá þeim degi til 12. maí s.á., með ársvöxtum, sem nemi 30% frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á. og 33,6% frá þeim degi til þingfestingardags í héraði, 10. nóvember 1988, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Megi leggja vexti við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. janúar 1987. Þá verði stefndu gert á sama hátt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara þess, að kröfur áfrýjanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi máls þessa er héraðsdómslögmaður og hefur haft skrifstofu í Kópavogi, þar sem hann stundar innheimtustörf ásamt öðrum lögmannsstörfum. Í málinu er deilt um afleiðingar þess, að stefnda rannsóknarlögregla ríkisins lagði 5. nóvember 1986 hald á víxil, að fjárhæð 150.000 krónur, sem áfrýjandi hafði þá undir höndum, og afhenti hann 14. sama mánaðar Arnóri Vikari Arnórssyni, sem talinn var upphaflegur eigandi víxilsins. Gerði rannsóknarlögreglan þá ráðstöfun vegna þess, að samþykkjandi víxilsins var talinn hafa greitt víxilskuldina til þessa eiganda nokkru eftir gjalddaga, 21. janúar 1986, án þess að fá víxilinn í hendur. Var víxillinn enn í vörslum Arnórs Vikars 18. febrúar 1986, þegar rannsóknarlögreglan lagði hald á hann ásamt fleiri skjölum vegna rannsóknar á kærumáli á hendur Arnóri Vikari og bróður hans, Sumarliða Óskari Arnórssyni. Þegar rannsóknarlögreglan slegpti haldi á víxlinum 17. október 1986, var hann afhentur Sumarliða Óskari ásamt fleiri gögnum í þeirri trú, að ekki skipti máli, hvor bræðranna tæki við skjalinu. Í stað þess að koma víxlinum til samþykkjanda seldi Sumarliði Óskar hann í hendur Sjónvarpsbúðinni hf. í Reykjavík fljótlega eftir viðtökuna. Frá þeim aðila fékk áfrýjandi víxilinn afhentan síðar í sama mánuði sem greiðslu upp í skuldakröfu á hendur fyrirtækinu.

Í málinu liggja frammi ljósrit af framhlið hins umdeilda víxils, og er meginmál hans eins og lýst er í héraðsdómi. Á bakhlið víxilsins kveður áfrýjandi ekki annað hafa verið ritað en eyðuframsal útgefanda, og hafi hann engin merki borið um greiðslu víxilskuldarinnar.

Samkvæmt kvittun áfrýjanda til Sjónvarpsbúðarinnar, dagsettri 30. október 1986, tók hann við víxlinum ásamt fimm skuldabréfum. Voru það skuldabréf viðskiptavina vegna kaupa á vörum hjá fyrirtækinu, og var eitt þeirra um sex vikna gamalt, en hin fjögur frá árinu 1985. Um þau ber kvittunin með sér, að fyrirtækið hafði leyst þau til sín vegna vanskila greiðenda, allöngu áður en þau voru afhent áfrýjanda. Samanlögð fjárhæð þessara skjala er miklum mun lægri en fjárhæð skuldakröfunnar, sem áfrýjandi var að innheimta.

Af efni kvittunarinnar og öðrum gögnum málsins má ráða, að áfrýjandi hafi tekið við öllum skjölunum á þeim grundvelli, að þau

yrðu ekki metin sem endanleg greiðsla á móti skuldakröfunni nema að því marki, sem andvirði þeirra kæmi til skila við innheimtu í höndum hans. Hefur hann og efnislega staðfest þetta í aðilaskýrslu í málinu.

Þegar stefnda rannsóknarlögregla ríkisins lagði hald á víxilinn hjá áfrýjanda, var það gert með svofelldri yfirlýsingu:

„Komið hefur í ljós, að Sumarliði Óskar Arnórsson ... hefur notað í viðskiptum víxil að fjárhæð kr. 150.000,00 með gjalddaga 21.01. 1986, samþykktan til greiðslu af Bárði Jóhannessyni en útgefinn af Ósk Auðunsdóttur. - Víxill þessi er nú í vörslu Guðmundar Þórðarsonar hdl., en með heimild í 43. gr. laga nr. 74/1974 leggur rannsóknarlögregla ríkisins hald á ofangreindan víxil.“

Yfirlýsingu þessa verður að skilja á þann veg, að í henni sé höfðað til nýrrar rannsóknar á hendur Sumarliða Óskari, sem tengd væri víxlinum. Á það má fallast með stefndu, að haldlagningin hafi verið lögmæt að formi. Jafnframt er nægilega fram komið, að samþykkjandi víxilsins og rannsóknarlögreglumenn höfðu tjáð áfrýjanda, áður en víxillinn var af honum tekinn, að víxilskuldin hefði verið greidd fyrr á árinu. Hefur áfrýjandi ekki vefengt þetta eða hitt, að greiðslan hafi átt sér stað. Hins vegar bar yfirlýsingin ekki með sér, að áfrýjandi mætti vænta þess, að víxillinn yrði afhentur öðrum, og ekki verður talið, að honum hafi verið nauðsyn að gera fyrirvara þar að lútandi. Er ósannað gegn mótmælum hans, að hann hafi gengist undir að verða endanlega sviptur víxlinum.

Af gögnum málsins er það helst að ráða, að litil eða engin rannsókn hafi farið fram á máli Sumarliða Óskars eftir töku víxilsins, heldur hafi aðgerðir rannsóknarlögreglunnar aðallega beinst að því að koma víxlinum í hendur bróður hans, sem hafði krafist þess ásamt lögmanni sínum, að séð yrði fyrir réttum skilum á þeim gögnum úr máli bræðranna, sem lögreglan hafði afhent Sumarliða Óskari í október. Þessi málsmeðferð rannsóknarlögreglunnar var ekki í samræmi við heimildir hennar gagnvart áfrýjanda og ólögmæt að því leyti. Var hún þannig til þess fallin að baka stefndu skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda, eins og hann heldur fram.

Kemur þá til álita, hvort áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess, að víxlinum var ráðstafað eins og fyrr er rakið. Þrátt fyrir handhöfn á víxlinum gat áfrýjandi ekki vænst þess eftir þá meðferð

hans, sem á undan var gengin, að ná endanlegri greiðslu samkvæmt hljóðan hans úr höndum samþykkjanda eða útgefanda. Bótakröfu sína byggir áfrýjandi og fyrst og fremst á því, að honum hafi verið meinað að krefja Sjónvarpbúðina um að leysa til sín víxillinn og greiða samsvarandi hluta fyrrnefndrar skuldakröfu með öðrum hætti. Sömuleiðis hafi viðbrögð rannsóknarlögreglu í málinu hindrað það, að hann eða Sjónvarpbúðin gæti fylgt fram kröfurétti á hendur Sumarliða Óskari Arnórssyni.

Um Sjónvarpbúðina hefur áfrýjandi sjálfur skýrt svo frá, að fyrirtækið hafi átt í greiðsluerfiðleikum allan þann tíma, sem hér skiptir máli, og verið hætt verslunarstarfsemi, löngu áður en það var úrskurðað gjaldþrota 18. ágúst 1988. Við gjaldþrotið hafi fyrirtækið reynst eignalaust, og hafi áfrýjanda ekki þótt það fyrirhafnarinnar virði að lýsa kröfu í búið. Ljóst er, eins og fyrr greinir, að greiðsla fyrirtækisins til áfrýjanda 30. október 1986 var aðallega fólgin í afhendingu á vanskilakröfum. Hefur áfrýjandi ekki leitt líkur að því, að fyrirtækið hafi átt annan gjaldmiðil en víxillinn um þær mundir til að greiða skuldakröfu hans. Hann hefur og ekkert upplýst um það, hvort honum hafi tekist að innheimta skuldakröfuna að öðru leyti.

Um skipti Sjónvarpbúðarinnar og Sumarliða Óskars er ekkert upplýst í málinu umfram það, að hann hafi afhent fyrirtækinu víxlinn upp í viðskiptaskuld. Það atferli hans, sem mál þetta er risið af, bendir í þá átt, að hann hafi ekki verið borgunarmaður fyrir víxlinum á þeim tíma. Hann var úrskurðaður gjaldþrota 20. október 1987, án þess að áfrýjandi lýsti kröfu á hendur honum, og reyndist bú hans eignalaust.

Að öllu athuguðu verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki fært á það nægilegar sönnur, að hann hafi orðið fyrir fjártjóni af völdum þess, að stefnda rannsóknarlögregla ríkisins svipti hann umráðum yfir hinum umdeilda víxli. Á þetta við þrátt fyrir þá tregðu, sem á því varð hjá rannsóknarlögreglunni að veita áfrýjanda skýr svör um afdrif víxilsins.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjanda dóms, að stefndu verði sýknuð af kröfum áfrýjanda. Rétt er, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 31. janúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Guðmundi Þórðarsyni, Hamraborg 12, Kópavogi, á hendur fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, Barðaströnd 5, Sel-tjarnarnesi, f.h. ríkissjóðs Íslands, dómsmálaráðherra, Halldóri Ásgríms-syni, Brekkuseli 22, Reykjavík, og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, Boga Nilssyni, Giljalandi 21, Reykjavík, báðum fyrir hönd rannsóknarlögreglu ríkisins, Auðbrekku 6, Kópavogi.

I.

Dómkröfur.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 150.000,00 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Kröfur stefndu eru þessar:

Aðalkrafa: að málinu verði vísað frá dómi.

Fyrsta varakrafa: að stefndu verði alsýknaðir af kröfum stefnanda.

Önnur varakrafa: að stefndu verði að svo stöddu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Þriðja varakrafa: að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar og að málskostnaður falli niður í því tilviki.

Hinn 28. febrúar 1989 var kveðinn upp á bæjarþinginu dómur varðandi frávisunarkröfu stefndu. Var málinu þá vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, að fjárhæð 17.000,00 kr. Dómurinn var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar frá 17. apríl s.á. og lagt fyrir héraðs-dómara að taka málið til efnismeðferðar.

II.

1. Málsástæður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í október 1986 hafi hann tekið víxil, að fjárhæð 150.000,00 kr., upp í kröfu, sem hann kveðst hafa átt á verslun í Reykjavík. Krafa þessi hafi verið samkvæmt tveimur skuldabréfum, en

verslunin hafi átt í nokkrum greiðsluerfiðleikum á þessum tíma. Vixillinn hafi verið út gefinn í Reykjavík 6. desember 1985 af Ósk Auðunsdóttur, Hamrahlíð 37, Reykjavík, og framseldur eyðuframsali og samþykktur til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands 21. janúar 1986 af Bárði Jóhannessyni, s.st. Stefnandi kveðst 31. október 1986 hafa sent innheimtubréf samkvæmt vixlinum, en daginn eftir hafi samþykkjandi vixilsins komið ásamt eigin-konu sinni, sem var útgefandi á vixlinum, til sín, og hafi þau sagt, að þau væru þegar búin að greiða þennan vixil. Ekki hafi vixillinn þó borið nein merki þess, að hann væri greiddur. Sama dag hafi rannsóknarlögreglu-maður frá rannsóknarlögreglu ríkisins hringt til sín og spurt, hvort stefnandi hefði þennan vixil undir höndum. Er stefnandi játaði því, hafi lögreglan sagt, að hald yrði lagt á vixilinn vegna rannsóknar á máli. Síðan hafi komið maður frá lögreglunni, tekið vixilinn og kvittað fyrir móttöku á honum. Lögreglan hafi talið, að vixillinn væri þegar greiddur, og vegna rannsóknar á því máli hafi hald verið lagt á vixilinn. Ekki hafi komið fram, hvort lögreglan myndi skila vixlinum aftur að rannsókn lokinni.

Með bréfi, dags. 20. nóvember 1986, fór stefnandi þess á leit við rannsóknarlögreglu ríkisins, að hún afhenti vixilinn eða greiddi hann samkvæmt innheimtubrési, dags. 31. október 1986, til vixilskuldara. Þá hefur stefnandi einnig lagt fram afrit af bréfi sínu til sama, dags. 20. janúar 1987, þar sem ítrekuð er beiðnin samkvæmt framangreindu bréfi. Í svarbréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 27. janúar 1987, er ástæða fyrir haldlagningu vixilsins sögð sú, „að aðili sá, sem móttók vixilinn hjá RLR, reyndist ekki hafa til þess heimild, auk þess sem vixillinn hefur verið greiddur þeim, er hafði vixilinn undir höndum í upphafi, er RLR lagði hald á hann“.

Stefnandi ritaði rannsóknarlögreglu ríkisins enn bréf, dags. 29. október 1987, þar sem gerð er sú krafa, að hann fái vixilinn afhentan, ef unnt er, en ella, að greiðsla verði innt af hendi. Í svarbréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, sem dagsett er 30. nóvember 1987, kom fram, að hald hefði verið lagt á umræddan vixil „þann 18. febrúar 1986, þegar fram fór rannsókn á kærumálum á hendur Sumarliða Óskari og Arnóri Vikari Arnórssonum“. Sumarliða hafi síðar verið afhentur vixillinn, en um haustið 1986 hafi Arnór upplýst, að hann hafi átt vixilinn, sem hefði verið greiddur á gjaldþaga. Sumarliði hafi þrátt fyrir það notað vixilinn í viðskiptum án þess að hafa heimild til að ráðstafa honum á nokkurn hátt.

Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna aðgerða af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins. Vegna mistaka hennar hafi umræddur vixill farið í umferð, en stefnandi kveðst hafa tekið við vixlinum grandalaus sem greiðslu upp í skuld verslunar, sbr. kvittun á dskj. nr. 10. Verslunin hafi orðið gjaldþrota á þeim tíma, sem vixillinn var í vörslum rannsóknarlögreglu ríkisins. Stefnandi kveðst því hvorki geta snúið sér til verslunarinn-

ar né til þess aðila, sem ranglega fékk víxilin í hendur, þar sem hann sé einnig gjaldþrota. Stefnandi sitji því uppi með þann skaða, sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þessa.

2.

Stefndu lýsa málavöxtum svo, að í febrúar 1986 hafi farið fram rannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna kærumála á hendur bræðrunum Sumarliða Óskari Arnórssyni og Arnóri Vikari Arnórssyni vegna ætlaðra svika þeirra í meðferð skuldabréfa og víxla, sem þeir höfðu aflað í viðskiptum við ýmsa aðila. Við rannsókn málsins og í yfirheyrslum hafi komið fram, að þessi viðskipti hafi bræðurnir stundað saman, staðið að þeim ýmist báðir eða annar fyrir báða. Jafnframt hafi komið fram, að yfirleitt hafi Sumarliði haft frumkvæðið og komið fram fyrir hönd bræðranna. Húsleit hafi verið gerð í starfsstöð þeirra að Kárástíg 1 í Reykjavík og lagt hald á fjölda víxla, ávísana, skuldabréfa og annarra gagna. Í tengslum við rannsóknina hafi verið lagt hald á víxil þann, sem mál þetta snýst um. Það hafi tekið rannsóknarlögregluna tíma að afmarka kæruefni, og að því loknu hafi verið leitast við að afhenda bræðrunum öll þau gögn, sem ekki lutu beinlínis að því. Þar á meðal hafi verið umræddur víxill, og hafi Sumarliða verið afhentur hann ásamt fleiri gögnum 17. október 1986, þegar hann kom til RLR þeirra erinda að fá afhent öll þau gögn, sem ekki vörð-uðu kæruefnið. Vegna þess, sem fram hafði komið undir rannsókn málsins um sameiginleg viðskipti og fjárhag bræðranna, hafi Sumarliða verið afhentur m.a. umræddur víxill að hans ósk.

Í framhaldi af innheimtubréfi stefnanda frá 31. október 1986 til Bárðar Jóhannessonar hafi Arnór leitað til rannsóknarlögreglu ríkisins og upplýst, að umræddur víxill væri til innheimtu hjá stefnanda. Arnór hafi jafnframt upplýst, að víxilin hafi hann sjálfur átt og um það hafi Sumarliða, bróður sínum, verið fullkunnugt. Víxillinn hafi verið greiddur á gjalddaga, 21. janúar 1986, og því væri stefnandi að innheimta víxil, sem þegar hefði verið greiddur. Arnór hafi kært málið til rannsóknarlögreglunnar og krafist opinberrar rannsóknar vegna þeirrar háttsemi Sumarliða að misnota víxilin í viðskiptum. Rannsóknarlögreglumaður hafi farið á fund stefnanda og gert honum grein fyrir málavöxtum. Hald hafi verið lagt á víxilin án mótmæla eða fyrirvara af stefnanda hálfu. Víxillinn hafi síðan verið afhentur Arnóri 14. nóvember 1986.

III.

Lagarök aðila.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi ekki haft lagaheimild til að leggja hald á umræddan víxil. Því beri

henni samkvæmt culpa-reglunni að bæta stefnanda allt það tjón, er hann varð fyrir vegna þessa. Tjónið telur stefnandi vera andvirði víxilsins ásamt vöxtum, en víxillinn hafi hann tekið sem greiðslu upp í skuld og gefið kvittun fyrir. Hann hafi ekki getað gert þá kröfu á skuldarann, að hann leysti víxillinn til sín að nýju, þar sem lögreglan lagði hald á víxillinn, en nokkru síðar hafi skuldarinn orðið gjaldþrota.

Sýknukrafa stefndu er í fyrsta lagi reist á því, að stefnandi hafi ekki sannað, að hann eigi sakaraðild að málinu, og er í því sambandi vísað til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi verið réttur handhafi víxilsins með óslitinni framsalsröð. Í gögnum málsins komi fram misræmi um það, hvort stefnandi er sjálfur eigandi víxilsins eða einhver annar.

Í öðru lagi er því haldið fram af hálfu stefndu, að engin mistök hafi orðið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í meðferð víxilsins. Hún beri enga ábyrgð á því, að víxillinn komst í umferð vegna aðgerða Sumarliða Arnórssonar. Þar að auki hafi meint tjón stefnanda engan veginn verið sennileg afleiðing þess, að rannsóknarlögreglan afhenti Sumarliða víxillinn. Rannsóknarlögreglan hafi lagt hald á víxillinn með stoð í 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en stefnandi hafi afhent rannsóknarlögreglunni umræddan víxil án nokkurs fyrirvara, hvorki um bætur né að hann fengi víxillinn afhentan aftur. Því er mótmælt af hálfu stefndu, að það varði þá ábyrgð, að rannsóknarlögreglan afhenti Arnóri Arnórssyni víxillinn, eftir að hún lagði hald á víxillinn hjá stefnanda. Stefnandi hafi ekki fyrr en eftir þá afhendingu farið fram á, að hann fengi víxillinn aftur í hendur. Hann hafi ekki heldur leitað til dómstóla til að fá úr því skorið, hvort heimilt hafi verið að leggja hald á víxillinn. Mál hafi ekki verið höfðað, fyrr en liðið var hátt á annað ár, frá því að hald var lagt á víxillinn. Slíkt tómlæti hljóti að varða sýknu.

Í þriðja lagi er því mótmælt af hálfu stefndu, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða rannsóknarlögreglu ríkisins. Því er haldið fram, að stefnandi hafi ekki öðlast rétt samkvæmt víxlinum með óslitinni framsalsröð við gerning inter vivos, þar sem Sumarliði hafi aldrei fengið víxillinn framseldan. Stefnandi hafi annaðhvort verið grandsamur varðandi víxillinn eða a.m.k. sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, er hann tók við honum, þar sem gjalddagi hafi þá verið löngu liðinn.

Sýknukrafa að svo stöddu er reist á því, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni. Hann hafi ekki látið reyna á það, hvort innheimta mætti skuldina hjá Sjónvarpsbúðinni, sem greiddi umrædda skuld með víxlinum, eða Sumarliða, sem kom hinum greidda víxli í umferð.

Krafa stefndu um lækkun dómkrafna stefnanda er reist á því, að stefnanda hafi borið að takmarka tjónið. Hann hafi ekki haldið rétti sínum til

haga, en víxilréttur hafi fyrnst á hendur útgefanda og ábyrgðarmönnum.

Stefndu mótmæla vaxtakröfum stefnanda og gera kröfu um, að vextir verði ekki dæmdir frá fyrri tíma en dómsuppkvaðningardegi. Dráttur sá, sem orðið hafi á málinu, sé algerlega á ábyrgð stefnanda.

IV.

Niðurstöður.

Í máli þessu hafa ekki komið fram haldbær rök fyrir því, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi haft lögmætar ástæður til að leggja hald á víxil þann, sem lýst er hér að framan og hún sótti í hendur stefnanda málsins í nóvember 1986, en engar upplýsingar liggja fyrir um það, hvort eða hvernig rannsóknarlögreglan beitti haldlagningu í þágu rannsóknar á refsiverðri háttsemi. Þá verður að telja sannað með vísan til þess, sem fram hefur komið í málinu, að stefnandi hafi verið eigandi víxilsins, þegar lögreglan lagði hald á hann, og er stefnandi því réttur sóknaraðili málsins.

Telja verður mótmæli stefndu gegn bótakröfu stefnanda reista á því, að tjón stefnanda verði ekki rakið til aðgerða rannsóknarlögreglu ríkisins. Stefndu hafa bent á ýmsar aðrar ástæður, sem gætu legið að baki hinu meinta tjóni stefnanda, svo sem þá, að víxillinn hafi verið misnotaður af þriðja aðila. Ekki liggi fyrir, hvort stefnandi hafi átt réttmæta kröfu samkvæmt víxlinum. Þá hafi stefnandi ekki gert um það fyrirvara í tæka tíð við rannsóknarlögreglu ríkisins, að það skipti stefnanda máli að fá víxillinn aftur í hendur, en eins og fram hefur komið, tók hann við víxlinum sem greiðslu upp í skuld. Þykir því ljóst, að tjón stefnanda er ekki óhjálpsleglega til komið vegna þess, að lögreglan lagði hald á víxillinn.

Með vísan til þessa þykir stefnandi verða að bera hallann af því, að ósannað er, að tjón stefnanda, eins og hann hefur lýst því, verði rakið til aðgerða rannsóknarlögreglu ríkisins. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður, með vísan til 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 3. október sl.

D ó m s o r ð:

Stefndu, ríkissjóður Íslands og rannsóknarlögregla ríkisins, skulu sýkn vera af kröfum stefnanda, Guðmundar Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.